

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.mars 2018

Efni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja), 114. mál.*

Við viljum fá að gefa okkar umsögn um frumvarp um bann við umskurði drengja. Við teljum að frumvarpið sé gallað og byggt á skoðunum fólks frekar en rannsóknum, staðreyndum og reynslu. Við undirritaðar erum íslenskar mæður og höfum allar reynslu af umskurði drengja og okkur finnst mikilvægt að okkar skoðun komist á framfæri. Margir sem hafa verið að tjá sig um umskurð drengja hafa ekki þá reynslu sem að við höfum. Margar mæður eins og við af íslenskum uppruna höfum látið umskera syni okkar bæði hér á Íslandi og erlendis án erfiðleika og það er algjörlega óskiljanlegt að það skuli vera vilji til þess að refsa okkur með 6 ára fangelsisvist. Áhyggjur okkar er að umræðan um umskurð drengja hefur verið stýrð af andúð gegn hefðum minnihlutahópa og staðreyndirnar settar fram í röngu samhengi til að auka neikvæð viðhorf almennings gagnvart þessum hópum. Þessi andúð myndi útskýra af hverju flutningsmenn frumvarpsins sóttust ekki eftir ráðum og/eða upplýsingum hjá trúarleiðtogum og þeim sem málið varðar og þess vegna inniheldur frumvarpið margar rangar “staðreyndir”. Hér á eftir lýsum við okkar persónulegu reynslu af umskurði drengja og hvaða galla og rangfærslur við teljum vera í frumvarpinu.

Reynsla Guðrúnar: Sonur minn fæddur árið 2012 var umskorinn hérna á landi um eins árs aldur. Það var gert í stuttri svæfingu og tók ekki lengur en hálskirtlataka. Eftir aðgerð fékk hann staðdefykrem og hann var alveg búinn að ná sér eftir viku. Nú á ég annan dreng sem er fæddur árið 2014 en hann hefur ekki verið umskorinn vegna þess að skurðlæknarnir vildu bíða eftir áliti landlæknis, og nú líklega þessa frumvarps. Nú hef ég áhyggjur af því að honum muni finnast hann öðruvísi en stóri bróðir hans og faðir, sem eru einmitt þeir sem hann lítur mest upp til. Ef frumvarpið er samþykkt og umskurður drengja varðar við hegningalög þá er búið að gera alla múslima, gyðinga og fleiri sem velja að umskera syni sína að glæpamönnum. Ég get alls ekki verið sammála því að ég sé glæpamaður vegna þess að ég lét umskera drenginn minn, þar sem ég trúi að þetta sé honum fyrir bestu, ef ég tryði því ekki hefði ég ekki látið umskera hann. Einnig tek ég undir þær áhyggjur sem landlæknir ber fram, að þá sé viss hópur fólks sem færi erlendis og framkvæmdi umskurð þar. Betra held ég að það sé gert hérna undir eftirliti og á sem öruggastan hátt.

Reynsla Birgittu: Ég á tvo drengi sem að eru umskornir. Áður en mínir drengir voru umskornir var ég búin að kynna mér málin í þaula. Þeir voru umskornir undir læknishöndum og hlutu engan skaða af. Þetta er lítið inngríp, og í báðum tilvikum voru þeir innan við viku að jafna sig. Annar var umskorinn í Marokkó, á sjúkrahúsi í svæfingu. Hinn var umskorinn á Barnaspítala Hringins, einnig í svæfingu. Það sem að mér finnst ekki hafa komið fram í þessari umræðu er hvaða áhrif þetta frumvarp getur haft á þá drengi á Íslandi sem að eru umskornir. T.d. fordóma og einelti? Drengirnir mínir eru á viðkvæmum aldri, í grunnskóla þar sem að börn sýna oft litla miskunn. Þeir fara í skólaíþróttir og

sund, og stunda þar fyrir utan íþróttir fyrir utan skóla, þar sem þeir fara í sturtu með öðrum drengjum. Er það sanngjarnt að þeir þurfi að líða fyrir það að vera umskornir á Íslandi, þar sem á að ríkja trúfrelsi? Það er búið að vera mikil umræða í öllum fjölmiðlum um þetta frumvarp, og börn heyra fullorðna tala um þetta á neikvæðan þátt (í flestum tilfellum), og ég spyr sjálfa mig hvar þetta endar. Við búum í litlu samfélagi og það fer ekkert á milli mála að þetta á eftir að leiða til fordóma í garð bæði gyðinga og múslima. Og eru þeir nú nógu miklir fyrir.

Reynsla Julie: Sonur minn er fæddur á Englandi og fór í umskurð á sérstakri stofu í London þegar hann var innan mánaðar gamall. Hann var deyfður og fann svo lítið fyrir aðgerðinni að hann var ánægður með að sjúga puttann minn og svaf eiginlega allan tímann sem þessi 15 mínútna aðgerð tók. Læknarnir gáfu skýr fyrirmæli um hvernig ætti að sjá um svæðið til að forhúðin dytti af sjálf (Plastibell aðferð var notuð). Með því að fara í 15 mín. saltbað tvisvar á dag og bera vandlega vaselín á liminn eftir það, áður en bleyjan var sett á. Sonur minn varð ekki fyrir neinum skaða og forhúðin datt af eftir 7 daga. Ég hef engar neikvæðar athugasemdir við þetta og kosturinn að láta gera þetta við ungbörn sem eru með litla hreyfigetu, er að húðin grær miklu betur og fyrr, og líka að þeir munu ekki muna neitt eftir þessu. Ég tel að mín reynsla og margra foreldra í mínum sporum vera öll góð því umskurður drengja í Bretlandi er algeng og margar læknisstofur mæta þörfum þeirra sem kjósa þetta fyrir börnin sín. Það er sjálfsagt að það sé fylgst vel með hvernig og hverjir framkvæma aðgerðina en hingað til hefur aldrei verið minnst á það að umskurður drengja (circumcision) sé það sama og limlesting kvenna (female genital mutilation) og það er alveg með ólíkindum að þetta frumvarp skuli bera það tvennt saman. Þess má geta að íslenskir læknar hafa framkvæmd aðgerðina á Íslandi hingað til.

Reynsla Stefaniú: Ég er móðir tveggja drengja sem eru umskornir, þeir voru umskornir í Marokkó með góðum árangri, áður en það var gert var ég búin að eyða mikilli vinnu í það að kynna mér allar hliðar sem kynnu að hafa áhrif á mína ákvörðun varðandi þetta. Þar sem að ég er ekki alin upp við þessa hefð en aftur á móti er maðurinn minn það, þá vildi ég hafa þetta gulltryggt að ég væri ekki að gera eitthvað við drengina mína sem myndi skaða þá. Mér finnst að þingmenn og aðrir sem að þessu máli koma tali einsog þeir hafi meiri velferð fyrir okkar börnum en við sjálfir foreldramir. Og að líkja þessu við limlestingar er ekkert nema fáfræði og fordómar. Að tala um að þeir eiga að geta tekið ákvörðun um þetta sjálfir við 18 ára aldur er einnig mjög sérstakt þar sem að foreldrar taka ákvarðanir fyrir börnin sín alveg frá fæðingu um það sem að er þeim fyrir bestu. T.d það að taka úr þeim hálskirtla, bólusetningar, gata eyrun á nýfæddum stelpum því að það er svo sætt! Ekki er deyfing við því. Einsog hvernig umræðan er í dag um þetta þá líður mér eins og fólk sé að dæma mig sem glæpamann og að ég eigi skilið að fara í 6 ára fangelsi fyrir það eitt að ég var að hugsa um velferð drengjanna minna. Þið ættuð að taka það inni umræðuna hjá ykkur að það er líka verið að níðast á fólki sem að hefur nú þegar látið umskera drengina sína.

Frumvarpið er óstyðjanlegt af eftirfarandi ástæðum:

1. Í heildina, eiga þær lýsingar og fullyrðingar sem settar eru fram í frumvarpinu lítið með okkar reynslu og raunveruleika á Íslandi að gera. Í greinargerðinni kemur fram að ekki sé notast við svæfingar eða þetta sé gert með engri eða lítilli deyfingu. Varðandi íslenska reynslu og það sem er algengast annars staðar er þetta rangt. Það er mjög algengt að það séu notaðar staðdeyfingar og svæfingar, og er það gert á Íslandi. Einnig kemur fram í frumvarpinu að það sé algengast að þetta sé gert í kringum tíu ára aldurinn í íslamskri trú. Flestir sem við þekkjum

persónulega og einnig það sem við höfum kynnt okkur í múslimalöndum, er miðað við innan árs frá því að barnið fæðist. Eins og nefnt var ofar eru góð rök fyrir að gera þetta við ungan aldur.

2. Flutningsmenn hafa kosið og skilgreint orðið umskurð fyrir bæði drengi og stúlkur með þeirri meiningu að aðgerðirnar tvær séu sambærilegar, og rökstyða að bann á umskurði kvenna ætti að leiða að banni við umskurði drengja. Með því að nota “umskurð” hér, í staðinn fyrir limlestingu, eins og er notuð á ensku í þessu samhengi (þ.e. mutilation) og sem er réttilega bönnuð, er verið að fela stóran eðlismun á milli þessara aðgerða og þá sérstaklega hvað lífsgæði varðar á heilsu og kynferðislegri getu í framtíðinni. Ástæðan fyrir því að það er ekki réttlátt að bera saman umskurð drengja og limlestingu stúlkna er fyrst og fremst að í raun og veru hafa rannsóknir sýnt að umskornir menn verða ekki fyrir kynferðislegum skaða eða ónæmi, minni getu eða ánægju við að vera umskornir þegar þeir eru bornir saman við óumskorna menn (sjá Morris og Krieger, 2013 sem taka saman niðurstöður 36 rannsókna af þessu tagi í *Journal of Sexual Medicine*). Margar rannsóknir hafa sýnt að umskurður hjá mönnum verji bæði kynin gegn allskonar sjúkdómum og vill Alþjóða Heilbrigðisstofnunin auka umskurð á fullorðnum karlmönnum, t.d. í Afríku því sú aðferð dregur úr hættu á sýkingum, allt að 60% fyrir HIV (sjá Low, Broutet, Sarkodie, Barton, Hossain og Hawkes, 2006 í *Lancet*). Aðrar víðamiklar rannsóknir sýna að umskurður drengja verndar þá gegn mörgum tegunda krabbameina í limi seinna meir, og t.d. hefur Ísrael lægstu slíka tíðni í heiminum (Douglawi og Masterson, 2017 í *Transl Androl Urol*). Konur eru líka ólíklegri að fá leghálskrabbamein og HPV sýkingu ef þær eru makar umskorinna manna (Wawer, Tobian, Kigozi et al., 2011 í *Lancet*). Aftur bendum við á að aðferð framkvæmd löglega undir læknishöndum, sem felur í sér miklu vægari, skammtíma aukaverkanir þegar hún er framkvæmd við ungan aldur vegur meira en mun erfiðari reynsla umskurðs við tánings/fullorðinsaldur. Bandaríska Barnalæknafélagið (American Academy of Pediatrics) og Samband Bandaríska kvensjúkdóma- og fæðingalækna (American College of Obstetricians and Gynecologists) styðja aðgerð á smábörnum því þessir drengir þjást miklu minna af þvagsýkingum heldur en óumskornir drengir, en þessar sýkingar koma oftast upp á fyrsta aldursárinu. Þessar sýkingar valda miklum sársauka, og oftast þarf þá inn grip með lyfjum og fleiru, sem hægt væri að komast fram hjá með einfaldri aðgerð með minniháttar aukaverkunum.
3. Það er litið svo á að verið sé að verja rétt barnanna. Í fyrsta lagi, þekkjum við ekki neinn sem kaus umskurð til að refsa, pína eða skaða drengi sína. Ætlunin er ekki að skaða og tilhugsunin er ólíðandi. Við berum fulla virðingu fyrir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en umræðan á ekki að koma frá þeim sem hafa ekki reynslu umskurði, heldur ætti það að koma frá þeim sem hafa fundist brotið á réttindum sínum og lífsgæðum (eins og umræðan um limlestinu stúlkna og kvenna) og þá á Íslandi, af foreldrum sem kusu þetta með hag barnanna í fyrirrúmi. Það ætti ekki að skipta máli hvort þetta val var tekið til þess að barninu finnist það vera fyllilega partur af sínum trúarlegu eða menningarlegum uppruna (**sem er réttur verndaður af Barnasáttmálanum**) eða af læknisfræðilegum ástæðum. 14. grein í sáttmálanum segir: “*The Convention respects the rights and duties of parents in providing religious and moral guidance to their children. Religious groups around the world have expressed support for the Convention, which indicates that it in no way prevents parents from bringing their children up within a religious tradition. At the same time, the Convention recognizes that as children mature and are able to form their own views, some may question certain religious practices*”

or cultural traditions” (<https://www.unicef.org/crc/files/Participation.pdf>). Öll greinin hér er mikilvæg, því sem foreldrar, höfum við öll rétt á að ala börnin okkar upp samkvæmt okkar hefðum en berum virðingu fyrir þeirra vali, þegar þeir ná þroska til þess. Við einfaldlega teljum umskurð vera partur af þessum ákvörðunum sem okkur ber að taka.

Til að koma á jafnvægi, þurfum við að líta fram hjá trúarlegum hefðum, og rökin sem styðja frumvarpið á þeim forsendum að aðferðin sé ekki “til gagns heilsufarslega séð” og þannig óþarfi. Við bendum á að samkvæmt Bandaríska Læknasambandinu hefur nú verið ýtt undir nýja reglugerð um að læknar eigi að bjóða nýjum foreldrum að láta umskera drengi. Í nýjustu reglugerð þeirra um umskurð drengja frá 2012: “*Although health benefits are not great enough to recommend routine circumcision for all male newborns, the benefits of circumcision are sufficient to justify access to this procedure for families choosing it and to warrant third-party payment for circumcision of male newborns. It is important that clinicians routinely inform parents of the health benefits and risks of male newborn circumcision in an unbiased and accurate manner.*” (American Academy of Pediatrics, Task Force on Circumcision. Circumcision policy statement. *Pediatrics*. 2012; <http://pediatrics.aappublications.org/cgi/doi/10.1542/peds.2012-1989>). Við viljum líka vitna í aðra samantekt sem útskýrir í miklum smáatriðum niðurstöður Bandaríska læknasambandsins (Morris, Krieger og Klausner, 2017 í *Global health Science and Practice*) og sérstaklega þessi rök í síðustu málsgrein þeirra:

“Convincing arguments have been made that it would be unethical to withhold information about the risks and benefits of MC from parents of boys. ^{130–132, 134, 135} as recommended by the AAP and CDC. Curiously, those who condemn parent-approved infant MC are not as quick to condemn procedures that provide no medical benefit to children (e.g., cosmetic orthodontia, correction of harelip, surgery for tongue-tie, treatment of dwarfism by growth hormone injections, and surgery for removal of supernumerary digits). ¹³⁵ Why then do some regard MC as controversial? ¹³⁵ Article 24(1) of the United Nations Convention on the Rights of the Child states, “States Parties recognize the right of the child to the enjoyment of the highest attainable standard of health” and “shall strive to ensure that no child is deprived of his or her right of access to health care services.” ¹³⁶ Therefore, we assert that the CDC’s draft MC recommendations do nothing more than advocate appropriately the right of male infants, children, adolescents, and adults to access health care services with medical benefits—that is, MC—and that adoption of the draft CDC recommendations into formal policy should improve public health in the United States.”

4. Slik lagabreyting ýtir undir fordóma á drengjum sem eru nú þegar umskornir, því refsing á umskurði kallar fram ólögmæti aðgerðarinnar sem myndi vekja neikvæð viðhorf af öðrum. Umræðan í kringum frumvarpið hefur nú þegar varpað neikvæðu ljósi á umskorna drengi á Íslandi, sem og orðstír okkar sem frjálsslynt samfélag út fyrir landsteinanna. Skadað ímynd minnihlutahópa og ýtt undir fordóma innanlands.
5. Þingmenn hafa ekki sótt álit trúarleiðtoga eða minnihlutahópa sem þetta snertir sem sýnir andúð gagnvart hefðum okkar, og virðingarleysi gagnvart okkar þörfum sem partur af íslensku samfélagi.

6. Aðgerðin sjálf er aðeins gerð í tuga tali og varla ástæða að koma í lög nema það sé af sama mæli og aðrar læknisfræðilegar aðgerðir. Við teljum fyrst og fremst að aðgerðin eigi að fara fram undir læknisfræðilegu eftirliti til að vernda heilsu barnanna. En á sama tíma erum við **algjörlega á móti að refska eða/og fordæma foreldra og þá sem eru umskornir.**

Til stuðnings okkar máli viljum við benda á eftirfarandi greinar:

Morris, Krieger og Klausner (2017) <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC5478224/#b42>

Freeman, (1999)<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.1046/j.1464-410x.1999.0830s1074.x>

Grein eftir Ian Watson í Kjarnanum:

<https://kjarinn.is/skodun/2018-03-12-umskurdur-drengja-skodanir-og-stadreyndir/>

Við Íslenskar mæður, teljum að það sé okkur í hag að Alþingi beri virðingu gagnvart öllum minnihlutahópum sem slík frumvörp beinast að. Við erum mjög vonsviknar að ekki hafi talist mikilvægt að sækjast eftir okkar álitni né barna okkar, eða þeirra karlmannna sem eru umskornir á Íslandi áður en frumvarpið var lagt fram. Við erum ekki ósýnileg og raddlaus, og öllum okkar börn með það viðhorf að þau og við séum fyllilega íslensk þótt við fylgjum að nokkru leyti öðrum hefðum en meirihlutinn. Að gera greinamun í lögum á milli okkar og meirihlutans er rangt. Það mikilvægasta er að við, sem heild, vinnum SAMAN, tölum SAMAN og eigum betri samskipti um hvernig við ætlum öll að bæta okkar samfélag í dag og í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

Julie Sigurðardóttir

Guðrún Lára Aðalsteinsdóttir

Stefanía Ingólfssdóttir

Birgitta Kara Árnadóttir

Dorgerður Sigurðardóttir

Ásdís Pétursdóttir